

AUGLÝSING
um samning í formi bréfaskipta milli Evrópubandalagsins og Íslands um
tilteknar landbúnaðarafurðir.

Hinn 12. janúar 1996 var í Brussel gengið frá samningi í formi bréfaskipta milli Evrópubandalagsins og Lýðveldisins Íslands um tilteknar landbúnaðarafurðir. Samningnum var beitt frá og með 1. janúar 1995 og öðlaðist hann gildi 12. janúar 1996. Um er að ræða aðlögun á samningi um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands frá 2. maí 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 34/1993 þar sem samningurinn er birtur.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 18. janúar 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
í formi bréfaskipta milli
Evrópubandalagsins og Lýðveldisins Íslands
um tilteknar landbúnaðarafurðir.

a. Bréf ríkisstjórnar Íslands til ráðs Evrópusambandsins.

Brussel, 12.01.1996

Herra,

Mér er það heiður að vísa til samnings í formi bréfaskipta frá 2. maí 1992 milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands um tilteknar landbúnaðarafurðir og til þeirra viðræðna sem átt hafa sér stað milli samningsaðilanna tveggja í því skyni að aðlaga samninginn og ákveða tilhögun viðskipta með tilteknar landbúnaðarafurðir, í anda 15. gr. fríverslunarsamnings EBE og Íslands, í kjölfar aðildar Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar að Evrópusambandinu.

Ég staðfesti hér með að niðurstöður viðræðnanna voru sem hér segir:

1. Ísland og bandalagið eru sammála um að frá 1. janúar 1995 skuli ívilnanir, sem Lýðveldið Ísland veitti með fyrrgreindum bréfaskiptum, gilda áfram í bandalaginu eftir stækkun þess.
2. Frá 1. janúar 1995 veitir bandalagið Íslandi árlega tollkvóta sem getið er í I. viðauka hér á eftir.
3. Upprunareglur um beitingu kvótanna, sem um getur í 2. lið hér að framan, er að finna í II. viðauka hér á eftir.

Samningsaðilar skulu samþykka þessi bréfaskipti í samræmi við viðtekna málsmeðferð sína.

Ég væri yður þakklátur ef þér staðfestuð að þér samþykkið efni þessa bréfs.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands,
Hannes Hafstein

b. Svarbréf.

Brussel, 12.01.1996

Herra,

Mér er það heiður að veita móttöku bréfi yðar frá því í dag sem hljóðar svo:

[Sjá bréf hér að framan.]

Mér er það heiður að staðfesta að bandalagið samþykkir efni bréfs yðar.

Fyrir hönd ráðs Evrópusambandsins,
Rolf Möhler

I. VIÐAUKI
Árlegir tollkvótar sem Evrópubandalagið veitir lýðveldinu Íslandi.

SAT-númer	Lýsing	Magn	Tollur
0101 19 10 } 0101 19 90 }	Lifandi hestar	100 hestar	Tollfrjálst
0204	Kinda- eða geita- kjöt, nýtt, kælt eða fryst	Jafngildi 750 tonna af skrokkum	Tollfrjálst

II. VIÐAUKI
Upprunareglur.

- Ákvæði bókar 3 í samningnum milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands varðandi skilgreiningu á hugtakinu „upprunavörur“ og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda, eins og þeim var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegrar nefndar EB og Íslands nr. 1/94 frá 8. mars 1994, gilda um þær afurðir sem getið er í I. viðauka að breyttu breytanda.
- Sérreglur um aðvinnslu efna sem ekki teljast upprunaefni og notuð eru við framleiðslu þessara afurða til að þær öðlist upprunaréttindi og hafa enn ekki verið tekin upp í II. viðauka við bókun 3 skulu vera sem hér segir:

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna, sem ekki teljast upprunaefni, er veitir upprunaréttindi
(1)	(2)	(3)
0101	Lifandi hestar	Öll dýr í 1. kafla skulu vera að öllu leyti fengin
0204	Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst	Framleiðsla úr efnum í 2. kafla sem skulu vera að öllu leyti fengin

Nr. 1

18. janúar 1996

AGREEMENT
in the form of an exchange of letters between the European Community and
the Republic of Iceland concerning certain agricultural products

a. Letter from the Government of Iceland to the Council of the European Union

Brussels, 12-01-1996

Sir,

I have the honour to refer to the Agreement in the form of an Exchange of Letters of 2 May 1992 between the European Economic Community and the Republic of Iceland concerning certain agricultural products and to the negotiations which have taken place between the two parties with a view to adapting the said Agreement and establishing trade arrangements for certain agricultural products in the spirit of Article 15 of the EEC-Iceland Free Trade Agreement, consequent on the Accession of the Republic of Austria, the Republic of Finland and the Kingdom of Sweden to the European Union.

I hereby confirm that the results of the negotiations were as follows:

1. Iceland and the Community agree that, from 1 January 1995, the concessions granted by the Republic of Iceland under the abovementioned Exchange of Letters shall be extended to the enlarged Community.
2. From 1 January 1995 the Community will open for Iceland the annual tariff quotas set out in Annex I hereto.
3. The rules of origin for the application of the quotas referred to in point 2 above are set out in Annex II hereto.

This Exchange of Letters shall be approved by the Contracting Parties in accordance with their normal procedures.

I should be obliged if you would confirm your agreement with the contents of this letter.

For the Government
of the Republic of Iceland
Hannes Hafstein

b. Letter in reply.

Brussels, 12-01-1996

Sir,

I have the honour to acknowledge the receipt of your letter of today's date which reads as follows:

[See letter above.]

I have the honour to confirm that the Community is in agreement with the contents of your letter.

On behalf of
the Council of the European Union
Rolf Möhler

ANNEX I
**Annual tariff quotas granted by the European Community
to the Republic of Iceland.**

CN Code	Description	Quantity	Rate of duty
0101 1910 } 0101 1990 }	Live horses	100 head	Free
0204	Meat of sheep or goats, fresh, chilled or frozen	750 t carcase weight equivalent	Free

ANNEX II
Rules of Origin.

1. The provisions of Protocol 3 to the Agreement between the European Economic Community and the Republic of Iceland concerning the definition of the concept of „originating products“ and methods of administrative cooperation as last amended by Decision No 1/94 of the EC-Iceland Joint Committee of 8 March 1994, shall apply *mutatis mutandis* to the products mentioned in Annex I.
2. The specific rules for the working or processing to be carried out on non-originating materials used in the manufacture of the products in question in order that they obtain originating status and which are not yet mentioned in Annex II to the said Protocol 3 shall be the following:

HS heading	Description of product	Working or processing carried out nonoriginating materials that confers originating status
(1)	(2)	(3)
0101	Live horses	All the animals of Chapter 1 used must be wholly obtained
0204	Meat of sheep or goats, fresh, chilled or frozen.	Manufacture in which all the materials of Chapter 2 used must be wholly obtained